

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – 137. fundur 16. október 2013, kl 12:00.

Mætt: Kári Bjarnason formaður, Jórunn Einarsdóttir varaform., Margrét Lilja Magnúsdóttir, Trausti Hjaltason, Sigurlaug Björk Böðvarsdóttir, Jóhanna Ýr Jónsdóttir, Frosti Gíslason, Páll Marvin Jónsson, Kristín Jóhannsdóttir, Gunnar Friðfinnsson, Sindri Freyr Guðjónsson, Fjóla Björk Jónsdóttir og Ólafur H. Sigurjónsson skólam.

Á þennan fund voru bæði aðalmenn og varamenn boðaðir.

Formaður setti fund og fundargerð síðasta fundar var kynnt og samþykkt.

Dagskrá:

- 1) Yfirlit um starfið frá síðasta fundi.
- 2) Bréf til ráðherra, ofl./ önnur mál
- 3) Skólinn skoðaður og starfið kynnt.

Yfirlit um starfið á haustönn 2013 (til 15. október): Skólinn hófst 21. ágúst með kennarafundi og skólastefningu. Kennsla hófst daginn eftir og á þriðja degi var móttaka nýnema, sem fór hið besta fram. Í upphafi annar voru 274 nemendur skráðir til náms við skólann, en eru nú 250. Breytingar á kennaraliði eru þær að Ragnar Óskarsson hættir og Auðbjörg Jóhannsdóttir er í launalausu leyfi. Tvær ungar konur bætast í kennarahópinn, Thelma Björk Gísladóttir kennir félagsfræði og Silja Rós Guðjónsdóttir kennir sálfræði, þær eru báðar í hálfu starfi. Tveir stundakennrarar koma inn, Ólafur Friðriksson í hönnun skipa og Frosti Gíslason í FabLab fræðum. Breytingar hafa einnig orðið í hópi stjórnenda. Baldvin hættir sem aðstoðarskólameistari og fer að kenna sögu. Helga Kristín tekur við aðstoðarskólameistarastarfina og Björgvin Eyjólfsson verður áfangastjóri.

Námsframboð er lítið breytt, FabLab áfangar eru komnir aftur og áfram er í gangi tónlistarhópur sem varð til í fyrra undir stjórn Samúels Bjarnasonar. 12. sept. komu læknanemar með kynfræðslu fyrir fyrsta árs nemendum. 17. sept. fóru 18 nemendum og 6 fullorðnir yfir Fimmvörðuháls. 2. – 3. okt. voru hjá okkur tveir menn sem voru að taka út stærðfræðikennsluna, þeir ræddu við kennara, stjórnendur og nemendum, auk þess að þeir sátu í kennslustundum. Á forvarnardegi 9. okt. var boðað til skólaufundar með öllum nemendum, þar sem þeir fengu upplýsingar um breytta hegðun varðandi áfengi og reykingar. Síðan ræddu fundarmenn um þessi mál í 18 hópum og skiliðu niðurstöðum inn á netið. Stjórnendur hafa sótt fundi og ráðstefnur sem snerta ýmis verkefni, sem eru í gangi eða í undirbúnungi. Skólinn tekur þátt í starfi “Menntahóp sjávarklasans” og verkefnið “Heilsueflandi framhaldsskóli” er í gangi. Skólameistari sótti fund í Fjölbautaskólanum í Garðabæ, þar voru stjórnendur sex skóla og fjórir fulltrúar úr ráðuneytinu, sem fóru yfir stöðu skólanna og horfur á næsta ári. Brottfall nemenda var rætt, fjárlagafrumvarp, hugsanlega styttingu framhaldsskólans og málefni starfsbrauta fyrir fatlaða.

Nefndarmenn töldu ekki gott að stytta framhaldsskólan, þá færð unglingarnir einu ári fyrr í burtu. Um þetta varð talsverð umræða. Einnig var bent á að auka samtal skóla og atvinnulífs.

Bréf til ráðherra um fjárveitingar til framhaldsskólanna, frá flestum skólanefndum þeirra. Skólanefnd FÍV samþykkt að skrifa undir þetta bréf.

Önnur mál: Rætt var um tímasetningu á böllum nemenda og ákveðið að reyna að breyta þeim, þannig að byrja fyrr og hætta fyrr.

Skólinn var svo skoðaður og starfið í skólanum kynnt, ásamt því að skoða helstu endurbætur á húsnæðinu.

Fleira var ekki gert.
Ólafur H. Sigurjónsson

*Somp. 10. júní 2014
Ólafur H. Sigurjónsson*